

Nr. 136 / 11 Ásgrímur Halldórsson SF 250**Vélarbilun og ásigling í höfn**

Skipaskr.nr. 2780
IMO nr. 9225108
Smíðaður: Flekkefjord Noregi 2000 Stál
Stærð: 1528 bt.
Mesta lengd: 61,2 m Skráð lengd: 55,1 m
Breidd: 13,2 m Dýpt: 8,15 m
Vél: Wärtsilä 5520 kW 2000
Fjöldi skipverja: 14

Gögn:
Gögn RNS



Ásgrímur Halldórsson ©Útgerð

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 19. mars 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 4. nóvember 2011 var Ásgrímur Halldórsson SF 250 að fara úr Hornarfjarðarhöfn. Veður: A 5 m/s.

Við stjórn tök skipstjóra veitti hann því athygli að skrúfuskurður fór skyndilega í fullan skurð aftur á bak. Við það fór skipið á verulegt skrið og skall skuturinn af afli á Þóri SF 77 sem lá við landfestar.

Við áreksturinn urðu verulega skemmdir á báðum síðum Þóris SF en litlar á skut Ásgríms Halldórssonar SF.

Við rannsókn kom fram:

- að sögn skipstjóra átti að færa skipið að annarri bryggju og tók hann til sín stjórn tök yfir í bakborðs stjórnborð. Þegar skipið var komið frá bryggjunni og skipstjóri ætlaði að flytja stjórnun yfir í stjórnborðs borð náði hann því ekki þangað eða í neitt annað stjórnborð í brúnni. Skipt var yfir á neyðarstjórnun í borðinu og skrúfan sett á lítinn aftur skurð til að stöðva rek skipsins. Örskotsstund síðar sá skipstjóri að skrúfan hafði keyrst upp í fullan skurð afturábak. Ekki tókst að stöðva afturskriðið né að stýra skriði skipsins með hliðarskrúfum og var þá skrúfunni kúplað út;
- að í skipinu er 5.520 kW aðalvél sem keyrð er á föstum snúningi;
- að skrúfubúnaðurinn er frá Wärtsilä og stjórnubúnaður frá Wichmatic. Yfirvélstjóri taldi að snúningshraði og snúningsátt skrúfunnar hafi leitt til þess

að blöðin fóru í afturábak skurð eftir að bilun varð í búnaðinum. Hann sagðist vita til þess að svipuð bilun hafi orðið í öðrum skipum með samskonar búnað nýlega;

- að sögn yfirvélstjóra var hann með sérfræðingum sem komu til viðgerðar á rafbúnaði stjórnbúnaðarins og við skoðun kom í ljós að „stepdrive“ mótör hafði bilað og sú bilun sennilega valdið of mikilli straumtöku í gegnum „stepdrive“ kort sem við það hafði brunnið;
- að yfirvélstjóri sagðist hafa komist að því, þegar engar teikningar fundust af stjórnbúnaðinum, að við smíði á skipinu, fyrir upphaflegan eiganda þess sem var skoskur, hafi þessi búnaður verið á prófunarstigi (demo) og því settur frítt um borð. Framleiðandinn hafi verið að þróa stjórnbúnað sem var orkusparandi;
- að komið hefur fram forritunaryilla í stýribúnaði vélarinnar sem stefnt er að lagfæra á næstunni. Á þröngum og varhugaverðum siglingaleiðum eins og um Hornarfjarðarós og til hafnar er höfð sérstök vakt við skráfuskiptinguna í vélarúminu og skiptingunni handstýrt þegar þörf krefur;
- að skipt var um „stepdrive“ mótör og sett ný og endurbætt „stepdrive“ kort sem talin eru þola meiri straum til mótorsins þó spóla brynni í honum.

Nefndarálit:

Orsök atviksins var bilun í stjórnbúnaði.